

2102035 - Tillaga um að nýta húsnæði að Garðatorgi 1 fyrir Hönnunarsafn Íslands og fjölbreytta menningarstarfsemi

Til : Eiríkur Björn Björgvinsson
Frá : Guðjón Erling Friðriksson
CC : Ólóf Hulda Breiðfjörð
Heiti : 2102035 - Tillaga um að nýta húsnæði að Garðatorgi 1 fyrir Hönnunarsafn Íslands og fjölbreytta menningarstarfsemi
Málsnúmer : 2102035
Málsaðili : Bæjarstjórn Garðabæjar
Skráð dags : 08.02.2021 14:45:07
Höfundur : Guðjón Erling Friðriksson
Viðhengi : [Tillaga í bæjarstjórn varðandi Garðatorg 1 - dags. 02.02.2021.pdf](#)

Til fræðslu og menningarsviðs

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar sem haldinn var 4. febrúar sl. var samþykkt tillaga um nýtingu húsnæðis að Garðatorgi 1 fyrir áframhaldandi starfsemi Hönnunarsafns Íslands og fjölbreytta menningarstarfsemi.

Í tillögunni kemur fram að fræðslu- og menningarsviði Garðabæjar að skoða heildstæða nýtingu húsnæðis á Garðatorgi 1 þar sem annars vegar verði mótuð tillaga að áframhaldandi uppbyggingu Hönnunarsafns Íslands í húsinu og hins vegar tillaga að því hvernig nýta megi betur önnur rými á 2. hæð, jarðhæð og í kjallara hússins ásamt aðliggjandi yfirbyggðri göngugötu undir fjölbreytta menningarstarfsemi fyrirtækja og félagasamtaka á sviði lista og menningar, Ungmennahús, frístundastarf fatlaðs fólks og samkomustað fjölskyldna í bænum.

Stefnt er að því að tillögur fræðslu- og menningarsviðs ásamt greiningu stofnkostnaðar og reksturskostnaðar valkosta liggi fyrir eigi síðar en í lok apríl 2021.

Sjá tillögu í viðhengi.

Tillagan verður send helstu fastanefndum bæjarins til kynningar.

Með kveðju,

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.

gudjon@gardabaer.is
www.gardabaer.is
s: 525 8521/820 8521